

1860

Föstudaginn 22. nóvember 1991.

Nr. 452/1991. **Sigurjón Ragnarsson**

gegn

Pétur Þór Sigurðsson.

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 8. apríl sl. skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð frá 26. mars sl. í fógetaréttarmálinu nr. A 1729/1991: Pétur Þór Sigurðsson gegn Sigurjóni Ragnarssyni. Kveður hann kæruheimild vera í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt bréfi hans 9. sama mánaðar krefst hann þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Kæran er móttækin í Hæstarétti 12. nóvember sl.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili segist ekki geta fellt sig við aðgerðir fjárnámsbeiðanda og fógetafulltrúans, sem framkvæmdi fjárnámið. Umboðsmaður sinn hafi verið búinn að tilkynna fógetaréttinum, að hann þyrfti að koma að vörnum við fjárnámið, en það hafi engu að síður farið fram. Vottar við fjárnámsgerðina hafi ekki ritað í fógetabókina eigin hendi, heldur hafi verið notaðir stimplar með nöfnun þeirra að þeim fornspurðum. Með þessu hafi fógetafulltrúinn gert á hluta sinn.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að þurft hafi að boða gerðarþola til fyrirtökunnar í fógetarétti Reykjavíkur, sem hafi verið framhald fjárnáms, sem hófst í Garðakaupstað á heimili gerðarþola að honum viðstöddum en þar hafi engar efnisvarnir komið fram. Þá mótmælir varnaraðili staðhæfingum sóknaraðila um, að áritun votta hafi verið ábótavant.

Krafa sóknaraðila lýtur að því, að hið kærða fjárnám verði felld úr gildi. Samkvæmt c-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 verður þeirri kröfu ekki skotið til Hæstaréttar með kæru. Sóknaraðili kvartar að vísu undan aðgerðum fógetafulltrúans, sem fjár-

námið framkvæmdi, en gerir engar kröfur á hendur honum þess vegna. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Í bréfi borgarfégeta, sem fylgdi kæru sóknaraðila til Hæstaréttar, kemur fram, að fógetafulltrúi sá, sem framkvæmdi fjárnámið, hafi látið af störfum í byrjun ágúst sl. Í ljós hafi komið, að kæran til Hæstaréttar var þá enn óafgreidd. Dráttur á afgreiðslu kærunnar fyrir og eftir þann tíma hefur ekki verið réttlættur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.